

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar  
c/o Arnór Þorri Þorsteinsson  
Umhverfismiðstöð v/malbikunarstöðvar.  
Rangárvöllum 2  
603 Akureyri

Reykjavík, 16.7.2024  
UST202401-326/gf  
08.08.02

## **Varðar endurnýjaða tímasetta úrbótaáætlun vegna fráviks í eftirliti**

Umhverfisstofnun vísar í tölvupóst frá Arnóri Þorra Þorsteinssyni fulltrúa rekstraraðila Malbikunarstöðvar Akureyrar frá 15. júlí sl. þar sem óskað er eftir viðbótarfresti til þess að skila mælingarniðurstöðum sem sýna að úrbætur á malbikunarverksmiðjunni hafi skilað þeim árangri að stöðin uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til losunar mengunarefna í skorsteini.

Í erindi rekstraraðila kemur fram að miklar viðgerðir hafi átt sér stað á stöðinni undanfarna mánuði. Rekstraraðilar telja að nýjar mælingar muni sýna fram á stöðin muni uppfylla kröfur sem gerðar eru til losunar frá henni. Beðið er eftir að mælingarteymi frá Verkís komi til Akureyrar og taki sýni úr útblæstri verksmiðjunnar. Greining á sýnum geta síðan farið fram núna í júlí / ágúst og því er óskað eftir framlengdum fresti til **1. september nk.**

## **Umhverfisstofnun fellst á nýja úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á 38. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Kristinsdóttir  
teymisstjóri

Gottskálk Friðgeirsson